

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. desember 2012

Efni: Umsögn um 468. mál. ráðstafanir í ríkisfjármálum (vörugjöld á bílaleigur)

Í ljósi þess að nú er rætt um breytingar á afslætti þeim er bílaleigur hafa notið af vörugjöldum viljum við koma á framfæri skoðunum okkar á því fyrirkomulagi.

Markmiðið með því að lækka gjöldin er að lækka verð á bílaleigubílum til neytenda, að mestu leiti erlendra ferðamanna, og bæta þannig samkeppnisstöðu Íslands sem áfangastaðar fyrir ferðamenn, aukin neysla erlendra ferðamanna í íslensku hagkerfi á svo að skila afslættinum rúmlega til baka til ríkissjóðs. Með því að veita afslátt af vörugjöldum hefur hluti afsláttar farið í það að styðja við innflutningsaðila bíla. Bílaumboðin eiga mörg bílaleigur eða eru í nánu samstarfi við ákveðnar bílaleigur. Bílaleigueiningin er því rekin réttu megin við núllið og bílum rúllað í gegnum leiguna í þá 15 mánuði sem bílarnir þurfa að vera notaðir sem bílaleigubílar svo ekki komi til þess að greiða þurfi vörugjöldin. Eðlilegra væri að ívilnunin kæmi beint inn í rekstur bílaleiga sem þá gæti lækkað verð til viðskiptavina. Þá hafa allir rekstraraðilar jafna möguleika og í heilbrigðu samkeppnisumhverfi ætti verðið að lækka.

Sú óvissa sem nú ríkir í greininni veldur rekstraraðilum miklum vanda. Rekstraráætlanir breytast mikið með breyttum forsendum. Stórir fjársterkir aðilar nýta sér nú yfirburði sína og kaupa bíla í miklu magni fyrir áramót. Bílaumboðin geta svo valið að takmarka magn fyrir áramótin og selt sínum bílaleigum bíla og skekkir það mjög stöðu aðila á markaði. Bílaumboð hafa einnig óheftan aðgang að gjaldeyri með samningum sínum við Seðlabanka Íslands.

Núverandi uppsetning á undanþáguflokkum er einnig þess eðlis að hún hvetur til þess að bílaleigubílar séu meira mengandi bílar og vinna þeir gegn markmiðum aðalflokka. Það misræmi hefur mögulega hvatt rekstraraðila til þess að kaupa stór ökutæki sem menga mikið, leigt þá lítið út en uppfyllt kröfur um 15 mánuði. Selja svo ökutækin með hagnaði, hvatinn með kaupunum er því frá upphafi að fá ökutæki sem mengar mikið á hagstæðum kjörum.

Ekki er hægt að sleppa því að koma til skila í fáum orðum ábendingum varðandi hugmyndir þær sem Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) hafa borið á borð.

Hugmyndirnar miða að því að koma á inngönguhindrunum inn í greinina þ.e. koma á föstum gjöldum á allar bílaleigur óháð stærð eða fjölda bíla. Þannig geta þeir stóru aðilar sem nú þegar eru á markaði tryggt stöðu sína enn betur fyrir minni aðilum á markaði, komið í veg fyrir nýliðun í greininni og unnið gegn heilbrigðri samkeppni.

SAF sakar minni aðila um misnotkun á núverandi kerfi án þess að færa fyrir því haldbærar sannanir. Einnig leiða þeir að því líkum að núverandi eftirlit sé ekki nægjanlegt og vilja auka gjöldtökur á bílaleigur. Öll ökutæki á Íslandi þurfa í núverandi umhverfi að standast lögbundna skoðun. Vegagerðin hefur umsjón með útgáfu leyfa og rekstraraðilar þurfa að uppfylla settar kröfur og hafa gilda starfsleyfistryggingu. Reglun og eftirlit með greininni er til staðar og markmiðið er að tryggja öryggi viðskiptavina. Einnig hvílir á leyfishöfum upplýsingaskylda og er þeim gert að upplýsa öikumenn um færð, vegakerfi landsins sem og annað sem huga þarf að. Það ætti því frekar að yfirfara núverandi eftirlit og tryggja að gæði þess séu ásættanleg í stað þess að auka enn á eftirlit og kostnað.

Tillaga þeirra að gjalddaga og eindaga er einnig athyglisverð en tekjuflæði í þessum rekstri er mjög ójafnt og eru des/jan/feb jafnan erfiðustu rekstrarmánuðirnir.

SAF leggur til gjaldtöku á tímabundinn tollfrjálsan innflutning erlendra ökutækja. Slík gjaldtaka gæti orkað tvímælis í alþjóðlegu samhengi sem og að draga úr flæði ferðamanna sem koma til landsins með Norrænu í gegnum Seyðisfjörð, lífæð austurlands. Nær væri að taka á innflutningi lögaðila á ökutækjum til notkunar í atvinnuskyni ef slíkt er stundað. Enda er það brot á núverandi reglum um tollfríðindi ferðapjónustuaðila um tímabundinn innflutningur ökutækja á erlendum skráningarnúmerum (sbr 20 gr. reglugerðar 630/2008). Þær reglur kveða á um það að einn hópur má ferðast í sama ökutækinu fram og til baka en ekki má nota ökutækið fyrir marga hópa.

Ef þær breytingar sem SAF leggja til næðu fram að ganga myndi það auka enn á nú þegar ójafnan leik. Stórar leigur fengu flestar niðurfelldar skuldir í kjölfar bankahrunsins. Erlendir aðilar hafa fjárfest í greininni og fengið hagstætt gengi í gegnum Seðlabanka Íslands. Þeir eru því samkeppnishæfari og geta gert minni kröfur um arðsemi til skemmri tíma litið og geta með því stundað undirboð á markaði og hafa þannig forskot á innlenda rekstraraðila.

Sé vilji til að gæta fyllsta jafnræðis samhliða því að veita ívilnanir til bílaleiga er okkar tillaga sú að undanþáguflokkar vörugjalda verði felldir út og virðisaukaskattur á þessa starfsemi lækkaður úr 25,5% niður í 14%, þannig eru t.d. ívilnanir fyrir bílaleigur í Noregi.

Virðingarfyllt

fh. bílaleigunnar FairCar (Summus ehf., kt.: 5308070530)

Þorsteinn Hallsson